



Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 2. júlí 2025
23111613/505.02 KHK

Efni: Ágrip, tillaga að nýju deiliskipulagi Ásbrautar

Lögð fram tillaga umhverfissviðs að nýju deiliskipulagi Ásbrautar dags. 20. júní 2025 til afgreiðslu.

Markmið með deiliskipulagsvinnunni er að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Með deiliskipulaginu er núverandi byggðarmynstur fest í sessi og lagðar skipulagslegar forsendur fyrir vistlegri götumynd og öruggari göngu- og hjólaleiðum.

Vinnslutillaga var forkynnt á tímabilinu 7. apríl – 14 maí 2025.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 19. maí 2025 voru lagðar fram þær ábendingar og athugasemdir sem bárust á forkynningartímabili. Skipulagsfulltrúa var falið að vinna áfram að tillögunni með hliðsjón af þeim umsögnum og ábendingum sem bárust.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á tillögunni frá forkynningu.

- Kaflar um innleiðingu og samráð uppfærðir og gerðir að formlegum hluta greinargerðar.
- Bætt við umfjöllun um byggingarétt bílskúrs Ásbrautar 3-5.
- Bætt við umfjöllun um heimlagnir samkvæmt ábendingu frá Veitum.
- Nánari skýring á fjölda bílastæða við Ásbraut 11–13 bætt við.
- Sniðmynd var uppfærð með minni hæðaraðgreiningu götu og hjólreinar.
- Bætt við göngupverun yfir hjólastíga neðst við Ásbraut.
- Aðrar smávægilegar leiðréttingar í greinargerð.

Með tillögunni fylgja tvö minnisblöð frá VSÓ ráðgjöf, annarsvegar um bílastæði dags. júlí 2025 og hinsvegar um fyrirkomulag hjólainnviða dags. 3. júlí 2025.

Lagt er til að skipulags- og umhverfisráð samþykki að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulag fyrir Ásbraut í samræmi við 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllst,

Kristjana H Kristjánsdóttir
Skipulagsfræðingur

